

# Fundargerð

29. maí 2020

## Samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

## Jónsmessunefndar

### 29. maí 2020

Árið 2020, 29. maí kl. 11:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í húsakynnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Fundinn sátu: Ragnildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, auk Tinnu Dahl Christiansen, sérfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Undir lið 1.b: Gunnar Haraldsson, formaður greiningarhóps um fjármál sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

#### Dagskrá:

#### 1. Stöðumat á fjármálum sveitarfélaga

##### a) Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Lagt var fram til kynningar bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til sveitarstjórna landsins, dags. 25. maí 2020, þar er vísað í nýlega samantekt Byggðastofnunar á áhrifum hruns ferðapjónustu vegna Covid-19 á sveitarfélögin. Einnig er fjallað um nýjan starfshóp ríkisstjórnar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að safna saman samtímaupplýsingum um fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga á árinu 2020. Óskaði hann þá í lokin eftir samstarfi sveitarfélaga við upplýsingabeidnum um fjármál þeirra sem send verður út í vikunni.

##### b) Formaður greiningarhóps um fjármál sveitarfélaga

Gunnar Haraldsson kom og greindi frá vinnu greiningarhópsins, hvar vinnan væri stödd og hvað væri framundan. Verkefnið væri tvíþætt, að safna upplýsingum um fjárhagsstöðu frá mánuði til mánaðar og um einstaka þætti sem hafa mikil áhrif á fjárhagsstöðu. Tilgangurinn væri að safna þeim upplýsingum í gagnagrunn til að meta stöðu og horfur fyrir bæði heildina sem og einstaka sveitarfélög. Greiningarhópurinn mun fjalla um hvernig best verður háttað reglulegri samtímaupplýsingaöflun um fjármál sveitarfélaga.

### c) Óskir sambandsins um reglulega upplýsingagjöf frá Skattinum

Lagt var fram til kynningar bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til ríkisskattstjóra, dags. 25. maí 2020, varðandi kröfu sveitarfélaga um aukna upplýsingagjöf frá Skattinum varðandi mikilvægasta tekjustofn þeirra, útsvarið.

Ákveðið var að fulltrúar fjármálaráðuneytisins myndu biðja skrifstofu skattamála um að setja sig í samband við Skattinn og vinna með sambandinu til þess að koma málinu í farveg.

## 2. Aðgerðir til varnar, verndar og viðspyrnu

### a) Upplýsingar frá fulltrúum ráðuneyta

Greint var frá nýjum vef þar sem búið er að taka saman yfirlit yfir helstu úrræði stjórnvalda á slóðinni [www.stjornarradid.is/covid-19](http://www.stjornarradid.is/covid-19). Þar er hægt að nálgast upplýsingar skipt niður eftir fyrirtækjum, heimilum og hagkerfinu.

### b) Upplýsingar frá fulltrúum sveitarfélaga

Fulltrúar sambandsins greindu frá eftirfarandi vefslóð <https://www.samband.is/verkefning/stjornsysla-sveitarfelaga/adgerdir-vegna-covid-19/> þar sem finna má upplýsingar um stöðu aðgerða í aðgerðarpökkum 1 og 2 vegna Covid-19 sem varða sveitarfélögin.

## 3. Staðan á undirbúningi á framlagningu fjármálaáætlunar

Fulltrúar fjármálaráðuneytis greindu frá því að frumvarp væri komið fram í þingi um frestun á framlagningu fjármálaáætlunar til haustsins, þá yrði miðað við að í haust kæmi fram þingsályktun um endurskoðun á fjármálastefnu. Á henni verði reist þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun til 5 ára og á henni frumvarp til fjárlaga. Fjórða stóra gagnið sem verður tilbúið í byrjun október er fjárukalaga frumvarpið sem verður með stærra sniði í ár.

## 4. Samantekt Byggðastofnunar um áhrif hruns ferðaþjónustu vegna Covid-19 á sveitarfélögin

Greint var frá nýlegri samantekt Byggðastofnunar, sem finna má á eftirfarandi slóð: <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Covid19%20minnisblad.pdf>, sem leiddi í ljós að mati Byggðastofnunar verða níu sveitarfélög fyrir hvað þungsta högginu; eitt á Norðurlandi eystra, fimm á Suðurlandi og þrjú á Suðurnesjum. Fleiri sveitarfélög verða fyrir verulegum búsifjum vegna ástandsins. Greiningin staðfestir að hrun ferðaþjónustunnar hefur gríðarleg áhrif á sveitarfélög landsins.

Umræða fór fram um dýpka þyrfti þessa greiningu með heildstæðari nálgun þar sem horft yrði á fleiri þætti en atvinnuleysi og skoða þyrfti m.a. skuldastöðu og tekjusamsetningu sveitarfélaga. Lýst var yfir áhyggjum af tekjufalli Jöfnunarsjóðs og áhrifum þess á málefni fatlaðs fólks.

**5. Staða á framkvæmd þingsályktunartillögunnar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga**

Greint var frá því að staðan væri enn óbreytt frá fyrri fundum.

**6. Önnur mál**

Næsti fundur nefndarinnar hefur ekki verið boðaður.

Fundi var slitið kl. 12:00.

-TDC-